

**BORGARRÁÐ 8. desember 2022: Ítrekun á tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokkus
Íslands um kynningu á innheimtuaðferðum B-hluta fyrirtækja - MSS22080174**

Óskað er eftir því að öll B-hluta fyrirtækin sem eru í meirihlutaeigu borgarinnar og rukka íbúa fyrir þjónustu í formi reikninga, komi á fund borgarráðs til þess að kynna verklag í kringum innheimtu reikninga innan sinna fyrirtækja. Einnig er óskað eftir skriflegu minnisblaði frá B-hluta fyrirtækjunum þar sem fram kemur hvernig staðið sé að innheimtunni. Óskað er eftir upplýsingum um hver sjái um innheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu fyrir umrædd fyrirtæki, hvort og hvenær innheimtuvíðvaranir séu sendar sé reikningur ógreiddur, hvenær kröfur fari í milliinnheimtu og jafnframt hvað þurfi að eiga sér stað sem leiði til þess að krafa fari í löginnheimtu.